

	Fluttar	kr.	
3. Til kennslu heyrnar- og málleysingja	—	200,00	69
4. Til sáttamálefna	—	20,00	
5. Kostnaður við amtsráðið	—	100,00	
6. Ýmisleg útgjöld	—	700,00	
7. Eptirstöðvar	—	1000,00	
		<u>kr. 2720,00</u>	

Síðan var fundarbókin lesin upp og fundi slitið 6. júní 1885.

Reykjavík 28. júlí 1885.

Magnús Stephensen
settur.

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í vesturamtinu 18.—20. d. júnímánaðar 1885.

Ár 1885 hinn 18. júnímánaðar átti amtsráð vesturamtsins fund með sjer í Stykkishólmi, og mættu á fundinum forseti ráðsins yfirdómari settur amtmaður Magnús Stephensen, sýslumaður S. E. Sverrisson og Hjálmur Pjetursson, sýslunefndarmaður.

Eptirgreind málefni voru fyrirtekin:

1. Forseti framlagði jafnaðarsjóðsreikning vesturamtsins fyrir árið 1884 og var hann yfirfarinn og athugaður, og fannst ekkert út á hann að setja.

2. Forseti framlagði reikning yfir búnaðarskólagjald vesturamtsins fyrir árið 1884, og fannst ekkert við hann að athuga.

3. Forseti framlagði reikning yfir búnaðarsjóð vesturamtsins fyrir árið 1884, og fannst ekkert við hann athugavert.

4. Forseti framlagði eptirgreinda sýslusjóðsreikninga:

Frá Mýrasýslu fyrir árið 1883,

— Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu fyrir árið 1884,

— Dalasýslu fyrir árið 1884,

— Barðastrandarsýslu fyrir árið 1883,

— Strandasýslu fyrir árið 1884, og fannst ekkert við þá athugavert.

5. Forseti framlagði eptirgreind eptirrit af gjörðabókum sýslunefndanna:

a. frá Mýrasýslu 27. maí og 18. júní 1884 og 11. maí 1885.

b. — Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 20., 21. og 22. apríl 1885.

c. — Dalasýslu 23. okt. 1884 og 24. og 25. apríl 1885.

d. — Barðastrandarsýslu 27. maí og 24. nóvember 1884.

e. — Ísafjarðarsýslu 5. ágúst, 26. sept. 1884, og 26.—28. marz 1885.

f. — Strandasýslu 19. sept. 1884 og 24. febr. 1885,

og var ekkert fundið við þau sjerstaklegt að athuga.

6. Framlagði forseti brjef landshöfðingjans, dags. 15. des. 1884, er tilkynnir, að hann hafi ákveðið, að kennsla í yfirsetukvennafræði hjá landlækninum skuli hjer eptir fram fara tvisvar á ári og kennslutíminn byrja 1. apríl og 1. október ár hvert.

7. Forseti skýrði frá, að hann samkvæmt ákvörðun amtsráðsins á síðasta fundi þess, hefði skrifað öllum sýslumönnum í vesturamtinu og skorað á þá að brýna fyrir sýslunefndunum að breyta vandlega eptir fyrirmælum vegatilskipunarinnar um umsjón

70 á viðhaldi sýsluveganna, og ganga ríkt eptir, að hreppsnefndir sendi þeim skýrslur um, hvernig hreppavegagjaldinu sje varið, og var lagt fyrir sýslumennina, að haga sjer eptir 16. gr. vegatilskipunarinnar um innheimtu gjaldsins.

Amtsráðinu höfðu borizt skýrslur um hreppavegi og vegabætur á þeim frá Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu og Barðastrandarsýslu. Amtsráðið yfirfór skýrslur þessar.

8. Forseti skýrði frá, að landshöfðingi hefði óskað að fá tillögur amtsráðsins í vesturamtinu um, hvernig verja skuli fje því til eflingar búnaði, er landshöfðinginn hefur til umráða, að því leyti, er snertir vesturamtið, og gjörir amtsráðið ráð fyrir, að upphæð sú, er því ber að gjöra tillögur um, verði eins og að undanfögnu kr. 2466,67.

Amtsráðinu höfðu borizt þessar styrkbeiðslur af fjenu til eflingar búnaði:

1. Frá Sigurði Erlendssyni á Hamri,
2. — Jóni Jónssyni á Blönduhlíð,
3. — Jens Jónssyni, hreppstjóra á Hóli, um verðlaun fyrir unnar jarðabætur,
4. — Þórði Þórðarsyni á Höfða,
5. — Þorbergi Fjeldsteð á Jörfa,
6. — Þorleifi Þorleifssyni í Bjarnarhöfn um styrk til jarðabóta,
7. — Strandasýslu til að halda búfræðing, og
8. — Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu um styrk til viðgjörðar á Rífsós.

Áðurnefndum verðlauna- og styrkbeiðslum frá einstökum mönnum sá amtsráðið sjer ekki fært að veita tillögur sínar um fjárveitingu af landshöfðingja af fje því, sem hann veitir til framfara í búnaði, með því amtsráðið er á þeirri skoðun nú sem fyrri, að fje þetta sje ætlað til almennari nota fyrir allt vesturamtið.

Styrkbeiðslu frá Strandasýslu til að halda búfræðing gat amtsráðið ekki heldur veitt meðmæli sín, þar eð það álitur, að fje því, sem hjer um ræðir, eigi að verja til annara almennari nota fyrir vesturamtið og að því, er loks snertir styrkinn til viðgjörðar á Rífsós, þá virðist málið ekki vera svo undirbúið, að ástæða sje að leggja fje til þess að svo stöddu, einkum þar sem engin sundurliðuð áætlun er enn gjörð um kostnað við framkvæmd á verki þessu, en útlit fyrir, eptir þeim skýringum, sem fram eru komnar, að kostnaðurinn muni verða svo mikill, að verkið verði ekki framkvæmt nema með sjerstakri fjárveitingu af landssjóði, sem er eigandi jarðarinnar og veiðistöðunnar Rífs. Loks fjekk amtsráðið vitneskju um, að framkvæmd verks þessa gæti ekki orðið framgengt á yfirstandandi ári.

Amtsráðið ákvað því næst að leggja það til, að öllu því fje, er hjer um ræðir, verði varið til kostnaðar við kennslustofnunina í Ólafsdal.

9. Amtsráðið hafði á síðasta fundi sínum falið forseta sínum á hendur, að að leggja það til við landshöfðingja, að skólastofnunin í Ólafsdal verði gjörð að reglulegum búnaðarskóla, og skýrði hann nú frá, að hann hefði leitað álits frá öllum sýslunefndum í vesturamtinu um þetta málefni og lagði fram álitsskjöl þeirra. Allar sýslunefndir í amtinu, að undantekinni Barðastrandarsýslu, sem ekki hafði sent álitsskjál sitt, höfðu lagt til að skólastofnunin í Ólafsdal verði gjörð að reglulegum búnaðarskóla, þó þannig að skólinn ekki verði bundinn við þá jörð, sem hann nú stendur á; ákvað amtsráðið að fela forseta á hendur að útvega leyfi landshöfðingja til, að þessu fyrirkomulagi verði komið á nú þegar á yfirstandandi ári.

(Framh.).

Skýrsla

70

um aðalfund amtsráðsins í vesturamtinu 18.—20. d. júnímánaðar 1885.

(Framh.).

10. Amtsráðið tók því næst til yfirvegunar, hve mikinn fjárstyrk það vildi leggja til hins fyrirhugaða búnaðarskóla í Ólafsdal, og gjörir það ráð fyrir, að fje það, sem það mun geta fengið til umráða í þessu skyni, muni verða:

1. Styrkur úr landssjóði	kr. 2466,67
2. Vextir af búnaðarsjóði vesturamtsins	circa — 425,00
3. Búnaðarskólajald	— — 635,00
4. Vextir af innstæðu búnaðarskólaskólasjóðsins	— — 360,00
Samtals	kr. 3886,67

Þessu fje ákvað amtsráðið að verja þannig:

1. Meðgjöf með 11 námspiltum, 8 í yngri deild 250 kr. með hverjum, og 3 í eldri deild 150 kr. með hverjum	kr. 2450,00
2. Til viðhalds verkfærum	— 100,00
3. — prófdómenda	— 80,00
4. — kennslulauna handa forstöðumanninum	— 800,00
5. — kennslulauna handa aukakennara um vetrartímann	— 350,00
6. — styrks handa Indriða Indriðasyni á Hvoli til að halda áfram og afljúka námi í búfræði	— 100,00
Samtals	kr. 3880,00

Forstöðumaður skólans, sem var viðstaddur á fundinum þegar þetta mál var rætt, skuldbatt sig til, auk þeirrar kennslu, sem ákveðin er í reglugjörð skólans, að láta læri- sveinunum í yngri deild hans í tje kennslu í dönsku, svo þeir verði færir um að lesa og skilja almenna danska bók.

Forstöðumaður skólans gat þess, að brýna nauðsyn bæri til, að húsrúm skólans væri stækkað þannig, að í því væru 2 kennslustofur, sín handa hvorri deild, og var amtsráðið því samþykkt, en sökum þess, að það hefur ekki meira fje til umráða en þegar er búið að veita, sá amtsráðið sjer ekki fært að þessu sinni að leggja neitt fje fram til að styrkja hann til að stækka húsrúmið.

Loks skal þess getið, að orsökkin til þess, að einungis 3 lærisveinum er ætluð meðgjöf í eldri deild, er sú, að einn þeirra 4, sem veitt var inntaka í skólann vorið 1884, hefur sökum heilsubrests orðið að yfirgefa skólann á umliðnu vori.

11. Þá var lagt fram erindi sýslmannsins í Mýrasýslu, þarsem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar fer þess á leit, að sýsluvegur verði lagður frá Síðumúla í Hvítársíðu hjá Guðnabakka yfir Þverá og á sýsluveginum í Þverárhlið. Amtsráðið veitti samþykki sitt til þess, að gjörður væri sýsluvegur frá Síðumúla að Guðnabakka á sýsluveginum í Þverárhlið, þó þannig, að sýslumaðurinn með sýslunefndarmönnum úr 4 efri hreppum sýslunnar ákvæðu, hvar vegurinn ætti að liggja á þessu svæði.

12. Í erindi, dags. 12. maí. p. á., hefur sýslumaðurinn í Mýrasýslu eptir ósk sýslunefndarinnar borið upp þá fyrirspurn, hvort leyfilegt sje að greiða ferðakostnað úr sýslu- sjóði handa 2 mönnum, sem kosnir voru úr sýslunni til að mæta á Þingvallafundi 27. p. m. Amtsráðið ljet í ljósi það álit sitt, að með því að málefni það, sem er hjer um að ræða, ekki heyrir undir þann verkahring, sem sýslunefndunum er afmarkaður með sveitar-

4. dag septembermán. 1885.

70 stjórnarlögunum, þá sje ekki lagaheimild til að leggja kostnað þann, sem af því rís, á sýslusjóðinn.

13. Amtsráðsmaður Hjálmur Pjetursson bar upp þá fyrirspurn eptir ósk sýslunefndarinnar í Mýrasýslu, hvort yfirsetukona, sem verið hafði í annari sýslu og fengið þar launaviðbót, ætti heimtingu á að halda þeirri launaviðbót, ef hún yrði skipuð yfirsetukona í Mýrasýslu. Amtsráðið áleit, að það er á valdi sýslunefndarinnar, hvort hún vill veita yfirsetukonu launabót eður ekki, þá geti yfirsetukona, sem fengið hefur launabót, og síðan flytur sig í aðra sýslu, ekki átt tilkall til launabótar úr þeirri sýslu, nema henni sje veitt hún sjerstaklega.

14. Forseti skýrði frá, að honum hefði borizt skömmu eptir síðasta amtsráðsfund kæra frá gjaldanda í Snæfellsnessýslu yfir því, að sýslunefndin þar hefði neitað að taka til ályktunar í aðalefninu kæru frá honum yfir sveitarútsvari hans, og borið það fyrir, að kæran ekki hefði komið til sýslunefndarinnar innan þess lögboðna frests; hefði forseti fellt þann úrskurð sýslunefndarinnar úr gildi og lagt fyrir sýslunefndina að taka kærana til umræðu og endilegs úrskurðar á næsta fundi sínum, en sýslunefndin hafði á þeim fundi ákveðið, að úrskurður sá, er hún áður hafði lagt á kærana, skyldi sem endilegur óraskaður standa. Amtsráðið ákvað að leggja fyrir sýslunefndina að hlýðnast úrskurði forseta þess í máli þessu.

15. Framlagt var bónarbrjef frá Guttormi Jónssyni í Hjarðarholti, þarsem hann óskar sjer styrk veittan af amtsráðinu til að endurgjalda kostnað við að læra laxaklak og fylgdi bónarbrjefinu vottorð frá laxræktarmanni N. Johnsson um, að beiðandinn hefði fengið nægilega þekkingu til að standa fyrir laxaklaki. Amtsráðið ákvað að veita beiðandanum 100 kr. styrk í þessu skyni af jafnaðarsjóði vesturamtsins.

16. Amtsráðið samþykkti tillögur sýslunefndarinnar í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu um, að Klettsgata frá Búðum út í Breiðuvík sje hjer eptir sýsluvegur.

17. Amtsráðið samþykkti reglugjörð fyrir Barðastrandarsýslu um grenjaleitir, notkun afrjetta, fjallskil og rjettarhöld m. fl. með þeim fyrirvara, að breytt sje niðurlagi 31. greinar þannig, að orðin «fyrir næstu haustrjettir» falli burt, og að aptan við greinina bætist ný málsgrein svo látandi: «andvirði hins selda óskilafjár greiðist í hlutaðeigandi hreppssjóð, og verður það eign hans, ef enginn eigandi leiðir sig að því».

18. Var framlagt svar sýslunefndarinnar í Barðastrandarsýslu upp á athugasemdir, er amtsráðið hafði gjört við sýslusjóðsreikning Barðastrandarsýslu fyrir árið 1882, og áleit amtsráðið svar þetta fullnægjandi.

19. Amtsráðið samþykkti tillögur sýslunefndarinnar í Barðastrandarsýslu um, að vegurinn frá Selárdal yfir Selárdalsheiði inn með Tálknafirði að Eysteinsyri sje framvegis sýsluvegur.

20. Amtsráðið samþykkti að sýslunefnd Barðastrandarsýslu veitti yfirsetukonunum Jóhönnu Gísladóttur á Geirseyri og Magnfríði Gísladóttur frá Höfðadal 20 kr. þóknun hvorri úr sýslusjóði fyrir yfirsetukvennastörf.

21. Frá Bæjarhreppi í Strandarsýslu var framlögð ósk um, að amtsráðið vildi veita samþykki sitt til að lögrjett á Melum í Hrátafirði skuli afnumin, en að allt fje, sem finnast kann á Melaheiði sje fyrst um sinn rjettað í lögrjett hreppsins á Kollsá, og meðfylgdu tillögur sýslunefndarinnar í Strandarsýslu um, að þessi breyting væri gjörð á fjallskilareglugjörð fyrir sýsluna. Vegna þess að megnið af fje því, sem kemur fyrir í Melarjett á heima í Mýrasýslu, áleit amtsráðið ísjárvert að svo stöddu að veita samþykki

sitt til hinnar eptiræsktu breytingar, en vildi skjóta því til sýslunefndarinnar í Stranda-
sýslu að leita samkomulags við sýslunefndina í Mýrasýslu um, að fjallskilum af Mela-
heidi verði komið í sem haganlegast horf að unnt er fyrir alla hlutaðeigendur.

70

22. Eptir að amtsráðið hafði kynnt sjer skýrslu um aðgjörðir kvennaskólans í Reykjavík og reikning yfir fjárhag hans, veitti það eptir ósk forstöðunefndar kvenna-
skólans 150 kr. styrk handa skóla þessum af jafnaðarsjóði vesturamtsins fyrir yfirstand-
andi ár.

23. Var framlagt brjef frá þingmönnum Snæfellsness- og Barðastrandarsýslu, þar sem óskað er meðmæla amtsráðsins með því, að æðarræktarfelaginu á Breiðafirði og við Strandaflóa verði veittur styrkur eða lán úr landssjóði til framkvæmda sinna. Með því það er samhuga álit amtsráðsins, að friðun og efling æðarvarps sje áriðandi velferð-
armál fyrir íbúana í miklum hluta amtsins, ályktaði það að leggja meðmæli sín með, að hinn umræddi styrkur eða lán verði veitt.

24. Því næst var rædd og samþykkt eptirfylgjandi

Á æ t l u n

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs vesturamtsins fyrir árið 1886.

Tekjur.

1. Í sjóði og eptirstöðvar	kr. 1000,00
2. Niðurjöfnun	— 1320,00
	Samtals <u>kr. 2320,00</u>

Gjöld.

1. Til sakamála, lögreglumála og gjafsóknarmála	kr. » »
2. Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna	— 300,00
3. Kostnaður við kennslu heyrnar- og málleysingja	— 220,00
4. Kostnaður við amtsráðið	— 400,00
5. Til ýmsra gjalda	— 300,00
6. Til ferðakostnaðar	— 100,00
7. Eptirstöðvar	— 1000,00
	Samtals <u>kr. 2320,00</u>

Fleiri málefni voru ekki fyrirtekin á fundinum og var honum síðan slitið 20. júnímánaðar.

Reykjavík 28. júlí 1885.

Magnús Stephensen
settur.

Leyfisbrjef konungs fyrir heimilisgrafreit.

71

Vjer Christian hinn niundi, af guðs náð Danmerkur konungur, 30. júní.
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjett-
merski, Láenborg og Aldinborg

Gjörum kunnugt: að Vjer samkvæmt beiðni bóndans Jóns Bergssonar í Brokey í Snæ-
fellsness- og Hnappadalssýslu í vesturamtinu á Voru landi Íslandi höfum allramildileg-
ast veitt og leyft eins og vjer hjer með veitum og leyfum, að hann megi gjöra sjer og
sínum legstað á tjeðri eignarjörð sinni, með þeim skilyrðum, að sóknarprestur sá, er í
hlut á, vígi legstaðinn, að hann sje nægilega umgirtur, að eigandi áminnstrar jarðar,